

Sp. 157. Tillaga til þingsályktunar [148. mál]

um gerð framkvæmdaáætlunar um þjóðvegi á höfuðborgarsvæðinu.

Flm.: Benedikt Bogason, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir,
Guðmundur Ágústsson, Hreggviður Jónsson, Júlíus Sólnes.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera fimm ára framkvæmdaáætlun um stofnbrautir og þjóðvegi í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu í samráði við sveitarfélögin þar. Jafnframt verði gerðar ákveðnar tillögur um fjármögnun framkvæmdanna. Á árinu 1988 verði varið 360 m.kr. í þetta verkefni.

Greinargerð.

Það dylst engum sem ekur um höfuðborgarsvæðið að stofnkerfi umferðarinnar er sprungið. Mikil aukning umferðar á síðustu árum vegna fjölgunar bifreiða og íbúa ásamt aukinni athafnasemi hefur leitt til þess að umferðaræðar stíflast á annatímum, ferðatíminn lengist og óæskileg umferð um safngötur og húsagötur eykst, umferðaröryggi þverr og slysunum fjölgar.

Flestar aðalumferðaræðarnar eru ýmist þjóðvegir (stofnbrautir) eða þjóðvegir í þéttbýli sem lagðir eru á kostnað ríkissjóðs.

Á undanförunum árum og áratugum hefur verið gert stóráttak í vegagerð um allt land, byggðarlög og landshlutar smám saman tengdir saman með betri vegum, uppbyggðum með bundnu slitlagi og betri og stærri brýr gerðar. Þjóðhagslegur ávinningur af þessu er auðsær, enda oftast um mjög arðbærar framkvæmdir að ræða. Þessu ber að halda áfram af fullri einurð.

En á sama tíma og mestöll landsbyggðin getur fagnað betri vegum hefur sigið á ógæfuhliðina á höfuðborgarsvæðinu eins og áður er getið. Því þarf að gera stóráttak og hér er lagt til að gerð verði fimm ára framkvæmdaáætlun (1988–1993) og hafist handa strax á næsta ári með því að verja 360 m.kr. í framkvæmdir í stað um 150 m.kr. sem samtals er áætlað í gildiandi vegáætlun (þjóðvegir (stofnbrautir) 70 m.kr., þjóðvegir í þéttbýli 80 m.kr.).

Sérstakur vinnuhópur, sem Vegagerð ríkisins kom á til að fjalla um vegakerfi á höfuðborgarsvæðinu, skilaði fyrstu drögum að framkvæmdaáætlun 1985–1990 í apríl 1985 (áfangaskýrsla I). Á næstunni mun vera von á áfangaskýrslu II, en gera má ráð fyrir að nauðsynleg framkvæmdaþörf á fimm árum verði vart undir 2000 m.kr. eða um 400 m.kr. að meðaltali á ári.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1988 er áætlað að innheimta bifreiðaskatta verði 1700 m.kr., þar af sérstakur bifreiðaskattur 650 m.kr. Bíleigendum þykir það vera að bera í bakkafullan lækinn að leggja þennan sérstaka skatt á bifreiðar ofan á alla aðra skatta. Ríkisstjórnin gerði því bragarbót með því að verja hluta af þessum skatti í umrætt verkefni á árinu 1988.